

SAMKOMULAG UM NOTKUN HÖNNUNAR

[fyrirtæki/framleiðandi; kt; heimilisfang] (hér eftir nefnt Framsalshafi) og [Hönnuður/umboðsaðili; kt; heimilisfang] (hér eftir nefndur Hönnuður) gera með sér eftirfarandi samkomulag:

Efni

1. Undir samkomulagið fellur hugverkið [*nafn hönnunar/nafn hönnunarlínu/nafn Hönnuðar*] (hér eftir nefnd Hönnun).
2. Lýsing á Hönnun er fylgiskjal með samkomulaginu.
3. Undir samkomulagið falla ekki önnur hugverk Hönnuðar.
4. Hönnuður framselur Framsalshafa notkunarrétt sem byggist á Hönnun.
5. Framsalshafi annast [þróun/framleiðslu/markaðssetningu, dreifingu/útflutning og/eða sölu]¹ á þeim vörum sem byggjast á Hönnun.

Höfundarréttur

6. Hönnuður er höfundur Hönnunar og nýtur þeirrar verndar og þeirra réttinda sem kveðið eru á um í íslenskum höfundalögum nr. 72/1973.
7. Hönnuður framselur Framsalshafa [*einkarétt/aðgang*]² á að nota Hönnun.
8. Sæmdarrétt Hönnuðar skal virða og getur Hönnuður neitað dreifingar-, kynningar- eða öðrum framleiðsluleiðum ef honum þykir vega að sæmdarétti sínum.
9. Ávallt skal nafngreina Hönnuð í tengslum við notkun Framsalshafa á Hönnuninni.

Skyldur Hönnuðar

10. Hönnuði er ekki heimilt að framselja öðrum réttindi tengd Hönnuninni nema með samþykki Framsalshafa.³
11. Hönnuði er ekki heimilt að þróa, framleiða, markaðssetja, dreifa, flytja út og/eða selja vörur sem eru byggðar á Hönnuninni nema í samráði við Framsalshafa, nema er varðar notkun vegna kynningar á Hönnun í ferilskrá og á heimasíðu Hönnuðar, eða

¹ Hér skiptir máli hversu víðtækt framsalið er og til hverra þátta aðkoma Framsalshafa nær. Tengist það upphæð þóknunar til hönnuðar.

² *Enska: exclusive right/non-exclusive right.* Einkaréttur er mun víðtækari réttur en aðgangsréttur. Hvaða rétti er framselt tengist upphæð þóknunar til hönnuðar.

³ Hér skiptir máli hvort um sé að ræða framsal á einkarétti eða aðgangur.

öðrum almennum persónulegum vettvangi Hönnuðar, enda sé sú notkun ekki í fjárhagslegum tilgangi.

12. Öll vinnslugögn vegna Hönnunar eru eign Hönnuðar en Framsalshafi hefur aðgang að þeim eins og nauðsynlegt er við notkun og framleiðslu á vörunum.

Skyldur Framsalshafa

13. Framsalshafi skal nota Hönnunina yfir samningstímann til þess að þróa, framleiða, markaðssetja, dreifa, flytja út og/eða selja vörur sem eru byggðar á Hönnun.
14. Framsalshafa er ekki heimilt að nota Hönnunina til annarra nota eða annars tilgangs en þess er kemur fram í samkomulaginu.
15. Framsalshafa er aðeins heimilt að breyta Hönnuninni að fyrir liggi samþykki Hönnuðar og nægilegar ástæður liggi að baki.
16. Framsalshafa er ekki heimilt að framselja öðrum réttindi tengd Hönnuninni nema með samþykki Hönnuðar.

Uppgjör og greiðslur

17. Hönnuður fær [%]⁴ af [heildsöluverði/útsöluverði] vörunnar í þóknun að frádregnum virðisaukaskatti vegna notkunar af Hönnuninni samkvæmt samkomulaginu.
18. Framsalshafi skal halda skrá yfir seldar vörur og afhenda Hönnuði ásamt uppgjörsofirliti og greiðslum.
19. Uppgjör greiðslna skulu fara fram:

- a. [dags.]
- b. [dags.]
- c. ...

Vörumerki

20. Vörumerki Hönnunarinnar eða vara byggða á Hönnuninni er: [nafn vörumerkis]
21. Hönnuður framselur [einkarétt/aðgang] til að nota vörumerki vegna Hönnunarinnar og/eða vegna vöru sem er framleidd og markaðssett eftir Hönnuninni til Framsalshafas.

Samningssvæði og samningstími

22. Samningssvæði er [Island/allur heimurinn].⁵

⁴ Hér skiptir máli hversu víðtækt framsalið er, samningssvæði og aðkoma Framsalshafa. Venja er 3-5% þóknun til Hönnuðar en þó er slíkt breytilegt.

⁵ Hér skiptir máli hveru stórt samningssvæðið er og tengist upphæð þóknunar til Hönnuðar.

23. Samningstími samkomulagsins skal vera til og með [*dags.*] og öðlast samkomulagið gildi við undirritun beggja aðila.
24. Ef Framsalshafi óskar eftir gjaldþrotaskiptum eða er tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu þriðja aðila þá skulu öll réttindi tengd Hönnuninni færast endurgjaldslaust sjálfkrafa yfir til Hönnuðar frá og með þeim degi sem kveðinn er upp úrskurður um gjaldþrotaskipti Framsalshafa.
25. Við gildislok eða riftun þessa samkomulags skulu öll réttindi tengd Hönnuninni færast endurgjaldslaust sjálfkrafa yfir til Hönnuðar frá og með þeim degi sem samningur rennur út eða riftun tekur gildi.

Framlenging

26. Aðilum er heimilt að framlengja samningstímann, um [tími] í senn. Skal slík ákvörðun vera skrifleg og tilkynnt ekki seinna en fjórum (4) vikum fyrir samningslok, og samþykkt af gagnaðila tveimur (2) vikum fyrir samningslok. Ef tilkynning er ekki birt eða samþykkt innan þessa tímabils fellur samkomulag þetta úr gildi og engin framlenging á sér stað.

Vanefndir og Riftun

27. Ef Framsalshafi vanefnir samkomulagið getur Hönnuður krafist þess að Framsalshafi hætti allri framleiðslu, markaðssetningu og dreifingu á vörum tengdum Hönnun og allri annarri notkun byggða á Hönnun. Að auki getur Hönnuður krafist skaðabóta þannig að þóknun Hönnuðar skv. 1. gr. samkomulagsins hækkar í 15% af seldum vörum eftir vanefnd.
28. Dæmi um vanefnd af hálfu Framsalshafa er:
 - a. Ef Framsalshafi breytir Hönnun án samþykkis Hönnuðar.
 - b. Ef framleiðslugalli verður á vörum byggða á Hönnun sem breytir Hönnun eða vegur að sæmdarétti Hönnuðar.
 - c. Ef Framsalshafi brýtur ítrekað gegn öðrum skilmálum samnings þessa.
29. Ef Hönnuður vanefnir samkomulagið skal Framsalshafi synja greiðslu þóknunar til Hönnuðar.
30. Dæmi um vanefnd af hálfu Hönnuðar er:
 - a. Ef Hönnuður notar Hönnun eða vörumerkið, án heimildar, til þess að kynna atvinnustarfsemi þriðja aðila eða eigin starfsemi (sbr. þó 11. gr. samkomulagsins).
 - b. Ef Hönnuður afhendir eða selur þriðja aðila hönnunina í andstöðu við samning þennan.
 - c. Ef í ljós kemur að Hönnun brjóti í bága við hugverkaréttindi þriðja aðila.
 - d. Ef Hönnuður brýtur ítrekað gegn öðrum skilmálum samnings þessa.

31. Veruleg vanefnd getur einnig leitt til riftunar samkomulagsins. Riftunin tekur þá gildi 30 dögum eftir að skrifleg tilkynning berst.

Niðurlag

32. Þetta samkomulag er gert af vitund beggja aðila, er heildstætt og verður ekki breytt nema með skriflegu samþykki beggja aðila.

33. Rísi mál út samningi þessum skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Undirritun og eintök samnings.

34. Öllu framanrituðu til staðfestu rita fulltrúi Framsalshafa og fulltrúi Hönnuðar nöfn sín undir samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

35. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Staður og dagsetning

Framsalshafi

Hönnuður

Vitundarvottar að rétttri
dagsetningu og undirskriftum aðila

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala